



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

KYNJUÐ FJÁRHAGS– OG STARFSÁÆTLUN: BÖRN ÁRI FYRR Í LEIKSKÓLA

SEPTEMBER 2012



Jón Ingi Einarsson
Berglind Hansen
Sigríður Marteinsdóttir
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson

Inngangur

Við undirbúning að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun Reykjavíkurborgar haustið 2011 var sett á stofn teymi á skóla- og frístundasviði sem falið var að meta áhrif þess að börn yrðu tekin inn ári fyrir í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. í ágúst á öðru aldursári. Meginverkefnið var að skoða hvaða áhrif það hefur á dagforeldra, starfsmenn í leikskóla og svo foreldra barna. Könnuð voru áhrif þess annars vegar á starfsmenn leikskóla og dagforeldra og hins vegar á stöðu mæðra og feðra. Teymistjóri verkefnisins var Jón Ingi Einarsson, en auk hans voru Sigríður Marteinsdóttir og Hrafnkell Tjörvi Stefánsson í teyminu. Einnig hefur Berglind Hansen verið teyminu innan handar sem tengiliður við tölfræði- og rannsóknarþjónustu skóla- og frístundasviðs. Eigandi/ábyrgðaraðili verkefnisins er Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs.

Niðurstöður

Markmið

Markmið teymisins var að skoða hvað það kostar Reykjavíkurborg að taka inn börn ári fyrir í leikskóla, hvaða áhrif það hefði á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði og dagforeldra, hvaða störf myndu skapast við breytinguna í framkvæmdum til skammtíma og vinnu í leikskólum til langtíma. Einnig að leggja mat á það hvort að slík breyting hefði áhrif á vilja Reykjavíkurbúa til að eiga börn.

Kynjamarkmið teymisins var að kanna áhrif þess á kynin ef börn eru tekin ári fyrir í leikskóla. Könnuð voru áhrif þess, annarsvegar á starfsmenn leikskóla og dagforeldra og hins vegar á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði.

Verkefni

Lýsing á verkefni: Við gerð kostnaðaráætlunar skoðaði teymið hvað leikskólaláss fyrir yngstu börnin í leikskóla kostar, hversu mörgum leikskólalássum þyrfti að bæta við og hvað kostnaðurinn gæti orðið við þessar breytingar. Lagt var mat á mögulegan flutning barna frá dagforeldrum yfir í leikskóla og fjárhagsleg áhrif þess. Einnig var kannað hver hugsanleg fjölgun barna í leikskólum yrði, hvað þyrfti að ráða margt nýtt starfsfólk til að sinna þeim fjölda og hversu marga nýja stjórnendur þyrfti að ráða. Jafnframt var kannað hversu mikil fækkun yrði meðal dagforeldra við breytinguna. Kynjahlutfall starfsmanna í leikskólum og á meðal dagforeldra var skoðað og hvaða áhrif breytingin hefði á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði.

Lýsing á vinnuferli: Teymið skipti með sér verkum, hittist á fundum og hafði samskipti í gegnum tölvupóst. Leitað var upplýsinga innan skóla- og frístundasviðs og hjá öðrum sviðum borgarinnar verkefninu. Einnig var bætt við spurningum í könnun til dagforeldra og foreldra barna hjá dagforeldrum sem tölfræði- og rannsóknarþjónusta skóla- og frístundasvið framkvæmir.

Lýsing á rannsókn: Leitað var upplýsinga um kostnað við vistun yngstu barna í leikskóla hjá fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs. Tölfræði- og rannsóknarþjónusta SFS veitti upplýsingar um fjölda barna sem fædd eru á tímabilinu janúar til og með júlí 2011. Þegar áætlun um fjölda barna sem tekin yrðu inn í leikskóla á öðru ári lá fyrir var miðað við að börnin væru að jafnaði í 8 tíma vistun og út frá því var reiknað út hversu mörg stöðugildi þyrfti til að annast áætlaðan fjölda barna samkvæmt

reiknilíkani fjármálaþjónustu SFS. Jafnframt var skoðað hvað greiðslur til dagforeldra gætu lækkað mikið ef öllum börnum á þessum aldri yrði boðin leikskólavist og metið hvað dagforeldrum gæti mögulega fækkað mikið við breytinguna. Framkvæmda- og eignasvið áætlaði mögulegan kostnað við byggingu leikskóla, með fyrirvara um breytingar á kostnaði þar sem slíkar framkvæmdir fara í útboð. Áætlunin er byggð á meðaltalsbyggingarkostnaði við leikskóla.

Spurningum var bætt við könnun til dagforeldra og foreldra sem eru með börn sín hjá dagforeldrum sem er gerð á tveggja ára fresti. Send var út netkönnun og var svarhlutfall 77,6% í könnun til foreldra þar sem 70% svarenda voru mæður og 30% feður en könnun til dagforeldra er enn ólokið og því aðeins um bráðabirgða niðurstöður að ræða.


Niðurstöður verkefnisins

Kostnaður fyrir Reykjavíkurborg að taka börn einu ári fyrr í leikskóla

Þegar skoðaðir eru fjöldi barna fædd janúar til og með júlí 2011 að frádregnum börnum í forgangi og í einkareknum leikskólum, kemur í ljós að alls eru 740 börn sem gætu átt rétt á leikskólavist. Þar sem 400 börn eru í vistun hjá dagforeldrum og 340 eru ekki í skráðri vistun.

Kostnaður vegna hvers leikskólapláss er 1,9 milljónir kr. á ári að teknu tilliti til 233.000kr. sem foreldrar greiða eða alls 1.430 milljónir kr. Þessu til viðbótar þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði og lóð (sjá umfjöllun hér fyrir neðan). En á móti dregur úr greiðslum til dagforeldra um 179 milljónir kr. Þannig að nettó kostnaður án stofnframkvæmda vegna fjölgunar á börnum er því 1.252 milljónir króna.


Í könnunni til foreldra barna hjá dagforeldrum kom fram að rúmlega helmingur þeirra hefðu frekar kosið leikskólapláss heldur en pláss hjá dagforeldri. Um 45% mæðra og 40% feðra vildu þó halda óbreyttu vistunarforminu eins og sést á mynd 1.



Mynd 1. Hefðir þú frekar kosið vistun í leikskóla í stað dagforeldris?

Þegar spurt var hvort foreldrar væru tilbúnir að greiða svipað gjald og hjá dagforeldri ef barn þeirra kæmist fyrr inn á leikskóla, voru tæp 40% tilbúnir til þess. Að auki voru 35% mæðra kannski tilbúnar til þess og 40% feðra eins og sjá má á mynd 2. Það má því leiða líkur að því að rúmlega helmingur foreldra myndi nýta sér leikskólapláss ef það væri í boði þrátt fyrir að þurfa greiða sama gjald og hjá dagforeldri. Að meðaltali miðað við síðustu 5 ár voru 763 börn hjá 187 dagforeldrum. Miðað við það


má áætla að börnum hjá dagforeldrum myndi fækka um allt að 400 börn og dagforeldrum fækka um 80-100 miðað við að það séu 4 til 5 börn hjá dagforeldri.



Mynd 2. Værir þú tilbúin/n að greiða svipað gjald og hjá dagforeldri ef barnið þitt kæmist fyrir inn í leikskóla?

Áhrif á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði

Á mynd 3 má sjá hvaða atriði foreldrar töldu kosti við að hafa barn í leikskóla frekar en að vera hjá dagforeldri. Mæður nefndu í 83% tilfella og feður í 87% tilfella að þeim fannst það kostur að vistun í leikskóla væri *ódyrari*. Því gæti það gert foreldrum auðveldara að fara fyrir út á vinnumarkaðinn ef barn þeirra kemst fyrir inn á leikskóla. Hins vegar hefðu, eins og fram kom hér að framan, a.m.k. 40% foreldra samt kosið leikskóla frekar en daggæslu þó að gjaldið fyrir þjónustuna yrði sambærilegt við þjónustu dagforeldra. 66% mæðra og 63% feðra nefndu líka að það væri meiri örvun í leikskóla. Þá nefndu foreldrar í tæplega 60% tilfella að það væri kostur að *minna er af veikinda- og frídögum* þegar barn er í leikskóla en hjá dagforeldri sem er jákvætt fyrir útivinnandi foreldra en einnig má benda á að opnunartími leikskóla er oftast lengri og sveigjanlegri en hjá dagforeldrum.




Mynd 3. Hvers vegna hefðir þú frekar kosið vistun í leikskóla en hjá dagforeldri?¹

Einnig hefur aukist að foreldrar fá ekki pláss hjá dagforeldri í hverfinu sem þeir búa eða starfa í. Sjá má á mynd 4 að 32% foreldra voru með barn sitt í vistun hjá dagforeldri í *öðru hverfi* en því sem þeir

¹ Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

búa eða starfa í. Af þeim hefði helmingur foreldranna kosið dagforeldri í hverfinu sem þeir búa í. Það myndi því vera hagræðing fyrir þá foreldra að fá vistun fyrir barn sitt í leikskóla í sínu hverfi.




Mynd 4. Hvar er dagforeldri staðsett?

Í skýrslu velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof sem lögð var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011 kemur fram að hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofsjóði hafa stöðugt verið að lækka. Frá því að það voru settar hámark á greiðslur úr fæðingarorlofsjóði árið 2004 fóru þær hæðst í 535.700kr. miðað við að greitt væri 80% af meðalmánaðarlaunum foreldris, en eru nú 300.000kr. Hlutfallið sem greitt er hefur einnig lækkað þar sem nú er aðeins greitt 75% af launum umfram 200.000kr. Í kjölfar þessara skerðinga eru vísbendingar um að færri feður taki fæðingarorlof og jafnframt styttra en áður. Einnig eru vísbendingar um að mæður taki færri fæðingarorlofsdaga en áður þó þær nýti um 85% af sameiginlegum fæðingarorlofsdögum foreldra. Með því að bæta þjónustu við barnafjölskyldur með yngstu börnin gæti það mögulega verið hvetjandi fyrir feður að nýta grunnrétt og sameiginlegan rétt sinn til fæðingarorlofs meira. Þannig væri jafnvel hægt að ná jafnari stöðu milli kynjanna til að taka fæðingarorlof og auka möguleika mæðra á að komast fyrir út á vinnumarkaðinn.


Áhrif á dagforeldra

Við það að börnum fækki um allt að 400 hjá dagforeldrum má gera ráð fyrir að forsendur fyrir rekstri daggæslu hjá mörgum dagforeldrum séu brostnar og þar af leiðandi má ætla að dagforeldrum muni fækka um 80-100 en í dag eru þeir um 200. Ekki er hægt að ganga út frá því að dagforeldrar velji að vinna í leikskóla ef þeir þurfa að leggja niður daggæsluna. Bráðabirgðaniðurstöður úr dagforeldrakönnun benda til þess að dagforeldrar séu ekki tilbúnir að binda sig með þjónustusamningi eða að verða starfsmenn Reykjavíkurborgar við daggæslu. Undir 10% dagforeldra sýna því *mikinn áhuga* eins og sést á mynd 5. Það má því leiða líkur að því að þeir væru heldur ekki tilbúnir til að starfa á leikskóla. Hins vegar miðast svör dagforeldra við það hvernig staðan á dagvistun yngstu barna er háttað í dag en ef forsendur fyrir daggæslu væru brostnar er hugsanlegt að staðan yrði önnur.




Mynd 5. Hefðir þú áhuga á að starfa við daggæslu sem starfsmaður Reykjavíkurborgar eða með þjónustusamningi?

Ákveðinn hluti foreldra eða um 40% mun líklega þó kjósa áfram að vera með barn sitt hjá dagforeldri þrátt fyrir að vera boðin vist í leikskóla eins og kom fram hér að framan. Þegar foreldrar voru spurðir hvers vegna þeir kysu frekar að hafa barn sitt hjá dagforeldri en í leikskóla, sögðu þeir í um 80% tilfella að *börn séu of ung* á þessum aldri til að vera í leikskóla. Einnig nefndu mæður í 79% tilfella að vistun hjá dagforeldri sé *nánara og heimilislegra umhverfi* en feður í 68% tilfella. Þá nefndu mæður í 75% tilfella að þá sé *alltaf sama manneskja sem hugsar um barnið* en feður í 63% tilfella eins og sjá má á mynd 6.




Mynd 6. Hvers vegna vildir þú frekar vistun hjá dagforeldri en í leikskóla?

Hins vegar kemur það einnig fram í könnuninni að langflestir foreldrar telja að daggæsla henti börnum einungis *upp að tveggja ára aldri*. Á mynd 7 kemur fram að um 70% foreldranna fannst að þjónusta dagforeldra hentaði best fyrir börn *yngrri en 18 mánaða*. Að auki þótti fjórðungur foreldra að þjónustu dagforeldra hentaði *upp að 2ja ára aldri* en mjög fáir töldu að það hentaði börnum að vera lengur en það.



Mynd 7. Á hvaða aldursbili finnst þér þjónusta dagforeldra henta börnum best?

Á sama hátt voru foreldrarnir beðnir um að leggja mat á það á hvaða aldursbili börn ættu að hefja vistun á leikskóla. Um 90% töldu að það ætti að vera fyrir 2ja ára en nokkuð stór hluti eða 44% mæðra og helmingur feðra fannst að börn ættu að hefja vistun fyrir 19 mánaða aldur eins og sést á mynd 10. Út frá þessum niðurstöðum má því ætla að foreldrar töldu að börn ættu að komast inn á leikskóla fyrir 2ja ára aldur en að hann henti ekki fyrr en barn er orðið árs gamalt.



Mynd 10. Á hvaða aldursbili finnst þér að börn ættu að hefja vistun í leikskóla?

Störf sem gætu skapast við framkvæmdir til skamms tíma og í leikskólum til lengri tíma

Það þyrfti að ráðast í framkvæmdir varðandi húsnæði og lóðir ef börnum yrði fjölgað um 740 í leikskólum. Til að mæta slíkri barnafjölgun eru ýmsar leiðir færar, s.s. að byggja við núverandi leikskóla, vera með færanlegar stofur eða byggja nýja leikskóla. Ef gert væri ráð fyrir því að byggðir yrðu nýjir leikskólar fyrir þessi börn þá gæti kostnaðurinn orðið um 3 milljarðar króna. Hér er þá gert ráð fyrir að byggðir væru 6 ungubarnaleikskólar þar sem um 120 börn væru í hverjum og kostnaður við hvern skóla væri um 481 milljónir kr. Stærð hvers skóla væri þá um 900 m² (um 7,5 m² á barn) og kostnaður á m² væri um 534.000kr.

Hægt væri að leysa þörf á viðbótarymi til skamms tíma með því að notast við lausar kennslustofur en kostnaður við nýja kennslustofu er um 20 milljónir kr. og hver stofa rúmar 14-20 börn. Samkvæmt

upplýsingum frá framkvæmda- og eignasviði þá er kostnaður á m² við viðbyggingu ekki lægri en að byggja nýjan leikskóla og gæti reyndar orðið allt að 15% hærrí.

Ef gert væri ráð fyrir því að byggðir yrðu 6 nýjir ungbarnaleikskólar þá má reikna með því að það skapi 18-90 störf við hönnun og eftirlit og 42-210 störf við framkvæmdir til skammtíma. Langstærstur hluti þeirra sem koma að byggingu og hönnun á leikskóla eru karlmenn. Þó hefur hlutfall kvenna í hönnun aukist og má því gera ráð fyrir að um 30% af þeim gætu verið konur eða um 5-27. Að auki er hugsanlegt að um 12 konur myndu starfa á byggingatíma og aðallega þá í störfum sem tengjast lóðaframkvæmdum.

Ef gert er ráð fyrir að öllum börnum sem fædd eru á tímabilinu janúar til og með júlí 2011 yrði boðin leikskólavist þá þyrfti að fjölga stöðugildum í leikskóla um 224. Þar af yrðu til 37 ný stöðugildi deildastjóra og 12 stöðugildi leikskólastjóra að því gefnu að byggðir yrðu 6 nýjir ungbarnaleikskólar. Í dag eru einungis 6% leikskólastarfsmanna karlar og ekki er von á að það myndi breytast við að fjölga leikskólalássum.

Áhrif á vilja Reykjavíkurbúa til að eiga börn

Gera má ráð fyrir að aukin og bætt þjónusta Reykjavíkurborgar við barnafólk ýti undir frekari barneignir og vegi þannig upp á móti lækkunum á greiðslum til foreldra úr fæðingarorlofsjóði. Auk þessa mun aukin þjónusta einnig hafa áhrif á hvar fólk ákveður að búa. Dæmi eru um að foreldrar hafa meðvitað frestað barneignum eða hreinlega ákveðið að eignast ekki fleiri börn eftir að hafa lent í hremmingum við leit að daggæslu eftir fæðingarorlof.

Álitaefni

Vinnufyrirkomulagið tilraunaverkefnisins í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð nýttist vel og lærðu teymismeðlimir skipulögð vinnubrögð sem munu nýtast enn frekar í önnur verkefni. Námskeiðin sem haldin voru í upphafi nýttust einnig vel til að undirbúa teymið til að takast á við verkefnið.

Niðurstöður verkefnisins eru gagnlegar fyrir skóla- og frístundasvið/ráð og er tækifæri til að koma á markvissri stefnumótunarvinnu varðandi dagvistunarmál yngstu barna í borginni. Það sem gæti hindrað framgang verkefnisins er að það er viðamikið og nokkuð byltingarkennt og krefst því áframhaldandi vinnu og aukins fjármagns áður en það getur orðið að veruleika.

Hafa verður í huga að nú þegar er skortur á fagmenntuðu starfsfólki í leikskólum og víða gengur erfiðlega að ráða í þau störf sem losna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Ef stöðugildum yrði fjölgað í leikskólum vegna fjölgunar barna er ljóst að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks í leikskólum mun lækka frá því sem það er í dag en hlutfallið er nú 34%.

Ekki var skoðað sérstaklega áhrif tillagnanna á vinnu starfsfólks á aðalskrifstofu og þjónustumiðstöðvum en gera má ráð fyrir því að störf hlutaðeigenda yrðu endurskipulögð.

Viðbótatillögur teymisins

Ef tekið er mið af svörum foreldra um hvort þeir vilja frekar leikskóla en daggæslu fyrir börn sín þá vegur kostnaður, öryggi og örvun þyngst. Það kemur einnig fram hjá foreldrum að helstu kostir sem foreldrar sjá við við daggæslu er að þar eru færri börn og sami einstaklingur sem annast barnið.

Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem vinna við daggæslu eða 90%. Því má segja að breyting á dagvistunarfyrirkomulagi fyrir yngstu börnin í borginni hefði mikil áhrif á þennan hóp kvenna á vinnumarkaðnum. Hafa má í huga að dagforeldrar hafa veitt börnum og fjölskyldum í Reykjavík þjónustu í tugi ára. Það væri því vert að efla og styrkja daggæslu samhliða því að bjóða upp á að börn fari ári fyrr inn í leikskóla. Miðað við þann kostnað sem það hefði í för sér að innrita börn ári fyrr inn í leikskóla gæti verið svigrúm til þess.

Í skýrslu starfshóps skóla- og frístundasviðs um Blíða byrjun, verkefni sem tekur á aðlögun og aðgengi barnafjölskyldna að þjónustu Reykjavíkurborgar er lagt til að:

Reykjavíkurborg fari af stað með tilraunaverkefni í daggæslu barna í heimahúsum. Horft verði til kerfis sem hefur gefist vel í Kaupmannahöfn undir kjörorðinu *Giv dit barn en stressfri start*, en boðið er upp á fjögur mismunandi form daggæslu barna í borginni, m.a. daggæslu á vegum sveitarfélagsins (d. kommunal dagpleje). Hvert dagforeldri er með 3-4 börn í vistun í eigin húsnæði, en starfar hjá borginni og er í samstarfi við aðra dagforeldra í hverfinu. Borgin sér um rekstur húsnæðis, þar sem 5-8 manna hópur dagforeldra í hverfinu hittist einn dag í viku með börnin. Í Amager-hverfi eru um 300 börn í vistun hjá 120 dagforeldrum. Daggæsluráðgjafar eru níu, þar eru reknar 3 leikstofur og eitt gestahús auk þess sem sveitarfélagið rekur 12 „daggæsluhús“ þar sem þrjár dagforeldrar eru saman með 8-10 börn. Fræðast má um fyrirkomulag daggæslu í Kaupmannhöfn á heimasíðunni www.kk.dk.

Auk ofangreinds er lagt til að skoðað verði:

1. Að foreldrar borgi sambærilegt gjald fyrir daggæslu eins og fyrir vistun í leikskóla.
2. Hækka niðurgreiðslur þannig að dagforeldra hafi sömu afkomu með 4 börn og 5 nú.
3. Að veita styrki til dagforeldra vegna búnaðarverka.
4. Hvetja til að dagforeldrar starfi 2 saman.
5. Reykjavíkurborg veiti húsnæðisstyrki þar sem tveir dagforeldrar starfa saman.
6. Auka ráðgjöf og fræðslu til dagforeldra.
7. Reykjavíkurborg verði með aðstöðu fyrir dagforeldrar til að hittast með börnin.

Samantekt

Markmið teymisins var að skoða hvað það kostar Reykjavíkurborg að taka inn börn ári fyrir í leikskóla, hvaða áhrif það hefði á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði og dagforeldra, hvaða störf myndu skapast við breytinguna í framkvæmdum til skammtíma og vinnu í leikskólum til langtíma. Einnig að leggja mat á það hvort að slík breyting hefði áhrif á vilja Reykjavíkurbúa til að eiga börn.

Í ljós kom að kostnaðurinn við að taka inn öll þau börn sem fædd eru á tímabilinu janúar til og með júlí 2011 gæti orðið 1.252 milljónir kr., fyrir utan kostnað vegna framkvæmda. Það er þó líklegt að hluti foreldra myndi ekki taka leikskólapláss fyrir þó að þeim byðist það t.d. vegna þess að þeim þætti börn sín enn of ung til að fara í leikskóla. Þar af leiðandi gæti kostnaður orðið minni.

Þegar svör foreldra voru skoðuð eftir kynjum var ekki mikill munur á milli svara mæðra og feðra. Það sem foreldrum fannst helstu kostirnir við leikskóla var að hann væri ódýrari en daggæsla, börnin fengju meiri örvun og það væri minna af veikinda- og frídögum. Því má leiða líkur að því að foreldrar komist fyrir út á vinnumarkaðinn úr fæðingarorlofi ef dagvistun yngstu barna væri ódýrari en hún er núna eins ef það væri minna af veikinda- og frídögum. Ætla má að börnum myndi fækka um allt að 400 hjá dagforeldrum ef boðið yrði upp á leikskólapláss ári fyrir. Því má gera ráð fyrir að dagforeldrum myndi fækka um helming frá því sem nú er.

Hins vegar myndu stöðugildum í leikskólum fjölga um allt að 224 og stöðugildum leikskólastjóra um 12 ef byggðir yrðu 6 ungbarnaleikskólar. Einnig má gera ráð fyrir að 18-90 störf myndu skapast við hönnun og eftirlit og 42-210 störf við framkvæmdir til skamms tíma. Gera má ráð fyrir að aukin og bætt þjónusta Reykjavíkurborgar við barnafólk ýti undir frekari barneignir og minna verði af flutning barnafólks úr borginni.

Kynjamarkmið teymisins var að kanna áhrif þess á kynin ef börn eru tekin ári fyrir í leikskóla. Könnuð voru áhrif þess, annarsvegar á starfsmenn leikskóla og dagforeldra og hins vegar á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði. Konur eru í miklum meirihluta í leikskólastörfum eða 94% en einnig meðal þeirra sem starfa sem dagforeldrar eða 90%. Þó börn væru tekin ári fyrir inn í leikskóla hefði það ekki áhrif í þá átt að jafna stöðu kynjanna við uppeldisstörf yngstu barna nema að farið yrði í sérstakar aðgerðir til að fjölga karlmönnum við þessi störf. Hins vegar eru meðallaun þeirra sem starfa við leikskóla lægri en þeirra sem starfa sem dagforeldrar og þá sérstaklega þeirra sem eru ófaglærðir. Það hefði því mikil áhrif á þá 200 dagforeldra sem starfa nú við daggæslu ef forsendur fyrir slíkum rekstri væru brostnar. Breytingin gæti þó haft jákvæð áhrif fyrir foreldra og jafnvel gert foreldrum og þá sérstaklega mæðrum auðveldara að fara fyrir út á vinnumarkaðinn eftir fæðingarorlof.

Huga verður vel að öllum þeim sem eiga hagsmuna að gæta þegar bæta á þjónustuna fyrir barnafjölskyldur með yngstu börnin í borginni þ.e. börnum, foreldrum, dagforeldrum og starfsmönnum í leikskólum. Ýmsar aðrar leiðir væru færar, t.d. þær sem getið er um í viðbótartillögum teymisins til að bæta þjónustu.